

Miðvikudaginn 8. maí 1996.

Nr. 172/1996.

Rannsóknarnefnd sjóslysa

(Ástráður Haraldsson hrl.)

gegn

Hervöru Þorvaldsdóttur

héraðsdómara á Vesturlandi

(enginn)

Kærumál. Kæruheimild. Sjópróf. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. apríl 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 7. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 19. apríl 1996, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um framhaldssjópróf vegna slyss, sem varð um borð í bv. Haraldí Bøðvarssyni, AK 12, 19. október 1995. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hnekktt og umbeðið framhaldssjópróf fari fram.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Lagaheimild er ekki fyrir málskoti hins kærða úrskurðar. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
